

greiðsludags og kr. 45.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Gagnsök í máli þessu er hafin.

Þriðjudaginn 22. júní 1976.

Nr. 120/1976. **Flosi Jónsson**

gegn

Rannveigu Höskuldsdóttur.

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Kærumál. Hjónaskilnaður. Fjárskipti. Úrskurður úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Þorvarður K. Þorsteinsson, skiptaráðandi á Ísafirði, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 4. júní 1976, sem barst Hæstarétti 9. júní, hefur sóknaraðili, Flosi Jónsson, með heimild í 2. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Ísafjarðar 24. maí 1976. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og hinni svonefndu kyrrsetningu andvirðis bifreiðarinnar Í 1182 hrundið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Frá varnaraðilja, Rannveigu Höskuldsdóttur, hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Um fjárskipti vegna hjónaskilnaðar aðilja máls þessa fer eftir VI. kafla laga nr. 60/1972, VII. kafla laga nr. 20/1923 og skiptalögum nr. 3/1878. Samkvæmt 2. mgr. 47. gr. laga nr. 20/1923 og 63. gr. skiptalaga skal skiptaráðandi sjá um, að eignaafnot hvors hjóna bíði ekki meiri tálmun af skiptunum en brýn nauðsyn krefur til, að hag hins verði borgið. Skiptaráðandi hefur tekið í sínar vörslur andvirði bifreiðar, sem sóknaraðili, Flosi, kveður hafa verið hjúskapareign sína.

Af hinum kærða úrskurði verður ekki ráðið, hver nauðsyn var til þessa, svo að hagsmunir konunnar væru nægilega tryggðir. Eru forsendur úrskurðarins því ekki í samræmi við 223. gr., sbr. 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936.

Í kröfugerð varnaraðilja, Rannveigar, fyrir skiptarétti var öðrum þræði byggt á því, að fyrrnefnd fjárhæð skyldi „kyrrsett“ til tryggingar lífeyrisgreiðslum til hennar úr hendi sóknaraðilja, Flosa. Ekki má framkvæma í skiptarétti slíka kyrrsetningu, sem fara yrði eftir lögum nr. 18/1949.

Af þeim ástæðum, sem nú hafa verið greindar, verður að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

Kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

Kærumálskostnaður falli niður.

Úrskurður skiptaréttar Ísafjarðar 24. maí 1976.

Sigurður Baldursson hæstaréttarlögmaður f. h. Rannveigar Höskuldsdóttur hefur krafist þess, að kyrrsett verði andvirði bifreiðarinnar Í 1182, kr. 1.100.000, en bifreið þessi var eign félagsbús hjónanna Rannveigar Höskuldsdóttur og Flosa Jónssonar, Hlíðarvegi 33, Ísafirði.

Hjónin mættu hér fyrir dómi hinn 25. júlí 1975 út af hjónaskilnaðarmáli, og var þá bókað, að þau mundu gera tilraun til að komast að samkomulagi um skiptingu eigna og skulda, en þegar útséð þótti um, að samkomulag mundi nást milli hjónanna um búskiptin, var bú þeirra tekið til opinberra skipta hér við embættið að kröfu lögmanns eiginkonunnar hinn 14. maí sl., en frestað var þá að taka afstöðu til kröfu lögmanns eiginkonunnar um kyrrsetningu andvirðis bifreiðarinnar Í 1182, en skiptaráðandi ákvað að taka andvirði bifreiðarinnar, kr. 1.100.000, í sína vörslu til bráðabirgða, en ákvað jafnframt, að þessi þáttur málsins yrði tekinn til flutnings og úrskurðar föstudaginn 21. maí 1976. Þann dag, kl. 1500, var málið flutt fyrir skiptarétti Ísafjarðar.

Þegar hjónin mættu hér fyrir dómi hinn 25. júlí 1975, voru eignir búsins skrifaðar upp, og meðal eignanna var bifreiðin Í 1182, sem þá var metin af þeim hjónunum á kr. 950 þús. til kr. ein milljón. Síðar varð bifreiðin fyrir verulegu tjóni, og fengust tjónbætur greiddar frá tryggingarfélagi, kr. 1.100.000, og eru það þessar tjónbætur, sem lögmaður eiginkonunnar krefst kyrrsetningar á. Við flutning málsins ítrekaði lögmaður eiginkonunnar fyrri kröfu um, að andvirði bifreiðarinnar Í 1182 verði kyrrsett og peningunum haldið sem tryggingu fyrir væntanlegum lífeyrisgreiðslum mannsins til konunnar. Þá krafðist hann og málskostnaðar. Vitnaði umboðsmaður konunnar í 63. gr. skiptalaga og taldi hag konunnar ekki borgið, nema kyrrsetning næði fram að ganga. Hélt hann því fram, að kyrrsetningar væri krafist til þess að tryggja það, að hlutur konunnar úr búinu fengist greiddur.

Lögmaður eiginmannsins, Arnar G. Hinriksson héraðsdómslögmaður, gerði þær kröfur, að ekki verði orðið við kröfunni um kyrrsetningu á andvirði bifreiðarinnar Í 1182, og krafðist einnig málskostnaðar. Lögmaðurinn lagði áherslu á, að hér væri um atvinnutæki eiginmannsins að ræða og væri ekki verið að ráðskast með fé búsins, heldur kæmi eign fyrir eign. Engin hætta sé á, að misfarið verði með féð, þar sem skiptaráðanda sé í lófa lagið að fylgja því eftir, að féð verði aðeins notað til kaupa á nýrri bifreið.

Málsaðiljar gengu í hjónaband þann 4. ágúst 1974, en höfðu áður búið saman frá árinu 1969 með hléum, að því er eiginmaðurinn heldur fram. Elsta barn þeirra er fætt 23. mars 1969.

Fram hefur komið, að eiginmaðurinn hefur leigubílaakstur ekki sem aðalstarf, heldur sem aukastarf nú sem stendur og hefur svo verið um nokkurn tíma. Þá hefur skiptaráðandi lagt áherslu á að flýta skiptum búsins og falið fasteignasölum hér í bæ að leita eftir tilboðum í fasteign búsins, þriggja herbergja íbúð að Hlíðarvegi 33, Ísafirði.

Þegar málsatvik eru metin með hliðsjón af 63. gr. laga nr. 3/1878, lítur skiptaráðandi svo á, að taka beri kröfu lögmanns eiginkonunnar um, að kyrrsett verði andvirði bifreiðarinnar Í 1182, kr. 1.100.000, til greina. Málskostnaður falli niður.

Úrskurðarorð:

Andvirði bifreiðarinnar Í 1182, eign félagsbús Rannveigar Höskuldsdóttur og Flosa Jónssonar, kr. 1.100.000, er kyrrsett. Málskostnaður falli niður.